

## Skólaráðsfundur 13. febrúar 2019

Mættir: Karl fulltrúi foreldra, Haraldur fulltrúi 6. bekkjar, Karlotta, varafulltrúi nemenda 7. bekkjar, Elsa fulltrúi kennara, Aðalbjörg skólastjóri.

Fundarritari: Elsa

Dagskrá fundar:

- Farið yfir síðustu fundargerð.
- Húsnæðismál
- Reglur um strætókort til nemenda
- Ný heimasíða
- Önnur mál

- **Húsnæðismál**

Beðið er eftir niðurstöðum á mælingum vegna loftgæða í skólahúsnæðinu sem verkfræðistofan Verkís annaðist en þeirra er að vænta á næstunni eða um 18. feb. . Framkvæmdir í anddyrum í Vesturlandi eru hafnar en þar á m.a. að laga leka í 2 anddyrum og skipta út loftplötum í öllum anddyrum. Verið er að bíða eftir lokafrágangi á skógeymslum í nýjum fataklefum í Neðstalandi áður en svæðið verður tekið í notkun. Skólastjóri upplýsir skólaráðsfulltrúa um ófullnægjandi frágang á skólalóð vegna framkvæmda við Útland. Um er að ræða frágang á svæðinu austan við Útland. Stjórnendur hafa ítrekað óskir um lagfæringu vegna öryggismála. Vonast er til að þegar frost fer úr jörðu verði hægt að laga girðingarnar sem loka eiga svæðinu betur.

- **Reglur um strætókort til nemenda**

Skólaráði barst erindi frá Skóla-og frístundasviði um að skila inn umsögn til sviðsins vegna nýrra reglna sem fyrirhugaðar eru um afhendingu strætókorta til nemenda. Stefnt er að því að nýjar reglur taki gildi frá og með næsta skólaári 2019 – 2020. Breytingin er einkum fólgin í því að nú gildir sama viðmið um fjarlægð milli skóla og heimilis fyrir alla nemendur óháð aldri, þ.e. að allir nemendur sem búa í meira en 1,5 km fjarlægð frá skóla miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð.

Á fundinum var um að í drögum að reglunum væri óljóst hvernig fara ætti með málefni nemenda sem eru í sameiginlegri forsjá foreldra sem skilin eru að skiptum og væru í þeirri stöðu að eiga tvö heimili og annað þeirra utan skólahverfis nemanda. Skólaráðsfulltrúar telja að nemendur sem búa við slíkar aðstæður eigi rétt á gjaldfrjálsu strætókorti/strætómiðum. Skólaráð Fossvogsskóla mun í umsögn sinni um drög að reglunum biðja um að orðalag sé gert skýrara svo enginn vafi leiki á túlkun.

- **Ný heimasíða.** Fulltrúum skólaráðs sýnd ný heimasíða sem verður opnuð á næstu dögum. Nokkrar athugasemdir gerðar með tilfærslu á hlekkjum. Ánægja er með útkomuna.
- **Önnur mál:**

- **Teymiskennsla.** Rætt um tímasetningu á fyrirhuguðu fræðsluerindi fyrir foreldra um teymiskennslu, Teymiskennsla - Hvað segja rannsóknir en dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor í kennslufræði við HÍ heldur erindið. Talið að tveggja vikna fyrirvari á auglýsingu til foreldra væri í lagi.
- **Skólamötuneyti.** Vegna veikindaleyfis matráðs er aðkeyptur matur frá Sölufélagi garðyrkjumanna a.m.k. næstu þrjá mánuði.